

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um eldri eiðstaf dómara.

Frá Jóni Þór Ólafssyni.

1. Hafa allir starfandi dómarar undirritað nýtt drengskaparheit eftir að orðalaginu um að vera „trú/r og hlýðin/n stjórnvöldum“ var breytt árið 2010 og héraðsdómarar, hæstarettardómarar og nú landsréttardómarar hófu að undirrita samhljóða heit um „að halda stjórnarskrá lýðveldisins Íslands“, sbr. svar ráðherra á þskj. 900 (475. mál)? Ef ekki, hve margir dómarar á hverju dómstigi hafa ekki undirritað hinn nýja eiðstaf?
2. Ef enn eru starfandi dómarar sem ekki hafa undirritað nýjan eiðstaf lítur ráðherra þá svo á að þeir dómarar skuli vera trúir og hlýðinir ráðherra?
3. Ef enn eru dómarar sem starfa samkvæmt drengskaparheiti um að vera trúir og hlýðinir stjórnvöldum telur ráðherra að þurfi að leysa þá undan slíku heiti til að tryggja sjálfstæði dómara í samræmi við 2. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands um þrískiptingu ríkisvaldsins og 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinna um óháða og óhlutdræga dómstóla?

Skriflegt svar óskast.
